

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

sent með tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. mars 2023

Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 118. mál.

Stjórn Landvernd hefur kynnt sér ofangreinda þingsályktun og telur hana varhugaverða komi ekki til endurskoðunar á hugtakinu „smá“virkjun. Eins og er eru stærðarmörk allt of há. Stjórn Landverndar hefur áður sent inn umsagnir um málið¹.

Fullyrðingar um að umhverfisáhrif smávirkjana séu lítil standast ekki skoðun og reynslu Landverndar undanfarin ár. Í umfjöllun er gefið í skyn að þetta séu virkjanir þar sem verið er að virkja bæjarlækinn. Þær tillögur um svo kallaðar smávirkjanir sem Landvernd hefur fjallað um undanfarin á eru af allt annarri stærðargráðu og umfangi. Að baki þeim standa almennt fjárfestar en ekki bændur sem virkja til eigin nota eins og gefið er í skyn í greinargerð við tillöguna. Dæmi eru um að svokallaðar smávirkjanir sem geta valdið miklum skaða á náttúru landsins. Stjórn Landverndar ítrekar þá skoðun sína að stærðarmörk þau sem gera svokallaðar „smá“virkjanir undanþegnar mati rammaáætlunar eru of há, sjá umfjöllun².

Nýlegt dæmi um vanmat á neikvæðum áhrifum svo kallaðra smávirkjana má sjá til dæmis í úrskurði úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi Hnútu­virkjun. Sú virkjun fellur í flokk smávirkjana þrátt fyrir að umhverfisáhrif hennar hafi verið metin af Skipulagsstofnun og úrskurðanefndinni það neikvæð að ekki væri réttlætanlegt að veita framkvæmdaleyfi fyrir henni³. Enginn aðili á vegum hins opinbera hafði hins vegar heimildir til að hafna henni, aðrir en sveitafélög. Hingað til hafa virkjanaleyfi frá Orkustofnun verið formsatriði og virkjanaleyfum ekki verið hafnað á grundvelli umhverfisáhrifa.

Stjórn Landverndar leggst því gegn því að þessi endurskoðun eigi sér stað án þess að stærðarmörk séu endurskoðuð þannig að um raunverulegar smávirkjanir sé að ræða. Að mati Landverndar eiga allar virkjanir sem hafa þann megin tilgang að selja rafmagn inn á almenna flutningskerfið skilyrðislaust að falla innan rammaáætlunar⁴ enda erfitt að meta umhverfisáhrif virkjana út frá framleiðslumagni raforku.

Með vinsemd og virðingu
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ [10 MW virkjanir geta valdið miklum skaða. Umsögn Landverndar smávirkjanir. - Landvernd](#)

² [Um stórar „smávirkjanir“ - Andrés Skúlason formaður NAUST skrifar - Landvernd](#)
[Umsögn: Óafturkræf umhverfisáhrif "smá"virkjana geta verið veruleg - Landvernd](#)

³ [58/2022 Hnútu­virkjun - Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála \(uua.is\)](#)

⁴ [Stærðarviðmiðum í rammaáætlun verður að breyta \(landvernd.is\)](#)